

Ættleiðingar 1990–2007

Adoptions 1990–2007

Samantekt


Á árunum 1990–2007 voru ættleiðingar hér á landi 808 talsins. Í 375 tilvikum var um að ræða stjúpættleiðingu en frumættleiðingar voru 433. Frumættleiðingar héraðs voru 124 en frumættleiðingar frá útlöndum 309. Undanfarin ár hafa langflest ættleidd börn komið frá Kína; frá árinu 2002 hafa 105 stúlkur og þrír drengir verið ættleiddir þaðan. Fyrir þann tíma voru flest börn ættleidd frá Indlandi; þaðan komu 48 drengir og 81 stúlka á árabílinu 1990–2007. Langflest þeirra barna sem frumættleidd eru frá útlöndum eru á fyrsta og öðru aldursári. Meðal frumættleiddra innanlands er aldursdreifingin allt önnur. Einungis fáir þessara einstaklinga voru á fyrsta og öðru ári en 63% yfir lögaldri (eldri en 18 ára). Meðal stjúpættleiddra er þetta hlutfall hærra. Þá hefur meðalaldur stjúpættleiddra hækkað talsvert á undanförunum áratug og segja má að nú heyri til undantekninga að börn undir 12 ára aldri séu stjúpættleidd. Athygli vekur að hér á landi eru konur mun fleiri en karlar í hópi stjúpættleiddra.

Fjöldi ættleiðinga

Árið 2007 dró úr ættleiðingum hér á landi samanborið við nokkur undangengin ár. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru 48 einstaklingar ættleiddir á Íslandi árið 2007. Þetta er talsvert lægri tala en undanfarin ár en árið 2005 voru ættleiðingar 75 og 76 árið 2006.

Mynd 1. Stjúp- og frumættleiðingar 1990–2007

Figure 1. Step- and primary adoptions 1990–2007



Hér verður gerð grein fyrir ættleiðingum á árabilinu 1990–2007. Greint er á milli frumættleiðinga og stjúpættleiðinga. Með orðinu stjúpættleiðing er átt við ættleiðingu á barni (eða kjörbarni) maka umsækjanda. Frumættleiðing felur í sér ættleiðingu á barni sem ekki er barn (eða kjörbarn) maka umsækjanda.¹

Fjöldi ættleiðinga var á bilinu 30–40 á ári mestallan 10. áratug síðustu aldar. Ættleiðingum fjölgaði fyrstu ár þessarar aldar og náðu hámarki árið 2006 en þá voru ættleiðingar 76.

Frumættleiðingar frá útlöndum


Frumættleiðingum fjölgaði meira en stjúpættleiðingum á árabilinu 1990–2007 (sjá mynd 1). Þar munaði mestu um ættleiðingar frá útlöndum árin 1999–2005. Árin 1990–1998 voru frumættleiðingar frá útlöndum á bilinu fimm til tólf á ári en fjölgaði í 23 árið 1999. Flestar voru frumættleiðingar frá útlöndum árið 2005 en það ár var 41 barn ættleitt frá útlöndum. Árið 2006 voru frumættleidd börn frá útlöndum 19 og 17 árið 2007.

*Flestar frumættleiðingar frá
Kína og Indlandi*

Undanfarin ár hafa langflest ættleidd börn komið frá Kína, en frá árinu 2002 hafa 108 börn verið ættleidd þaðan. Fram yfir aldamótin 2000 komu flest ættleidd börn frá Indlandi; árin 1990 til 2007 voru ættleiðingar þaðan 129. Flestar voru ættleiðingar frá Indlandi árið 2001 en það ár komu 26 börn frá Indlandi. Á heimasíðu *Foreldrafélags ættleiddra barna* sést að ættleiðingar frá Indlandi hófust á síðari hluta 9. áratugarins og voru ættleiðingar frá Indlandi 35 talsins árin 1986–1990. Á heimasíðu félagsins má einnig sjá að á 9. áratugnum voru fjölmennir hópar barna ættleiddir frá Indónesíu (58 börn) og frá Sri Lanka (83 börn).² Fá börn hafa komið frá öðrum stöðum en ofangreindum fjórum löndum. Rúmlega 20 börn hafa komið frá Kólumbíu frá upphafi 9. áratugarins og á árabilinu 1995–2001 voru 18 börn ættleidd frá Rúmeníu.

Mynd 2. Alþjóðlegar frumættleiðingar eftir kyni og fæðingarlandi 1990–2007

Figure 2. International primary adoptions by sex and country of birth 1990–2007



¹ Reglugerð um ættleiðingar (238/2005): <http://www.reglugerd.is/>. Með hugtakinu kjörbarn er átt við ættleitt barn.

² Sjá töflu um erlendar ættleiðingar til Íslands eftir fæðingarlandi 1981–2007: <http://www.aettleiðing.is/> (sótt 20. október 2008).

Stúlkur í miklum meirihluta meðal ættleiddra frá Kína og Indlandi

Mun fleiri stúlkur en drengir hafa verið ættleiddar frá útlöndum. Þannig eru nær öll börn sem ættleidd hafa verið frá Kína stúlkur (105 af 108 börnum) og frá Indlandi hafa frá árinu 1990 komið 81 stúlkur og 48 drengir. Frá öðrum löndum eru drengir heldur fleiri en stúlkur.

Frumættleidd börn frá útlöndum eru langflest á fyrsta og öðru aldursári þegar þau koma til landsins. Langflest þeirra barna sem ættleidd hafa verið frá Indlandi voru á fyrsta ári þegar þau komu til Íslands. Börn frá Kína dreifðust aftur á móti nokkuð jafnt á fyrsta og annað aldursár (tafla 4).

Innlendar frumættleiðingar


Innlendar frumættleiðingar ná flestar til fullorðinna einstaklinga

Á fyrri helming 10. áratugarins voru frumættleiðingar innanlands álíka margar og frumættleiðingar frá útlöndum. Sem fyrr segir fjölgaði ættleiðingum frá útlöndum ört eftir þann tíma. Fjöldi innlendra frumættleiðinga stóð aftur á móti í stað. Ef undan er skilið árið 2006 hafa frumættleiðingar hérlandis verið á bilinu fjórar til sjö á ári. Árið 2006 voru innlendar frumættleiðingar óvenjumargar eða 19 talsins. Konur eru nokkru fleiri en karlar í þessum hópi eða 79 samanborið við 45 karla. Þá er aldurssamsetning frumættleiddra á Íslandi önnur en meðal þeirra sem koma frá útlöndum. Rúmlega helmingur innlendra frumættleiðinga ná þannig til einstaklinga yfir lögaldri.

Áberandi fleiri konur en karlar eru frumættleiddar eftir að 18 ára aldri er náð (sjá mynd 3). Mynd 3 sýnir jafnframt að fremur sjaldgæft er að börn á aldrinum 6–11 ára séu frumættleidd. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að íslensk lög um ættleiðingar gera ráð fyrir að ekki sé unnt að ættleiða barn sem náð hefur tólf ára aldri nema með samþykki þess sjálfs. Þá er mælt til þess í lögum að einnig sé leitað eftir afstöðu þeirra barna sem yngri eru „ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska“.¹ Ef til vill má leiða að því líkum að beðið sé með að ættleiða

Mynd 3. Frumættleiðingar innanlands eftir kyni og aldri 1990–2007

Figure 3. Primary adoptions of persons living in Iceland by sex and age 1990–2007



¹ Samanber 6. grein laga um ættleiðingar nr. 180/1999. Sjá: <http://www.althingi.is/> (sótt 20. október 2008).


börn sem komið hefur verið í varanlegt fóstur hjá vandalausum þar til þau hafa forsendur til að taka sjálf ákvörðun um ættleiðingu. Athugun á búsetu einstaklinga áður en innlend frumættleiðing fór fram leiddi í ljós að oftast höfðu þeir búið hjá kjörforeldrum allmörg ár áður en ættleiðing átti sér stað.

Stjúpættleiðingar

Árin 1990–2007 áttu sér stað 375 stjúpættleiðingar hér á landi. Algengast var að kjörforeldri væri stjúpfaðir (343) og aðeins í 13 tilvikum var kjörforeldri stjúpmóðir. Auk þess hafa 19 einstaklingar í staðfestri samvist ættleitt börn maka, í öllum tilvikum konur.¹


Mynd 4. Stjúpættleiðingar eftir kyni og aldri ættleiddra 1990–1995

Figure 4. Stepadoptions by sex and age 1990–1995



Mynd 5. Stjúpættleiðingar eftir kyni og aldri ættleiddra 1996–2001

Figure 5. Stepadoptions by sex and age 1996–2001



¹ Samkvæmt 6. grein laga um staðfesta samvist frá 1996 (nr. 87 frá 12. júní) náðu ákvæði ættleiðingalaga um hjón ekki til einstaklinga í staðfestri samvist. Þessu ákvæði var breytt árið 2006. Allt frá upphafi gerðu lög um staðfesta samvist nr. 87/1996 ráð fyrir að einstaklingur í staðfestri samvist gæti ættleitt barn maka.

Ástæða er til að greina stjúpættleiðingar samkynhneigðra frá öðrum stjúpættleiðingum. Lögum samkvæmt verður það foreldri í staðfestri samvist sem ekki er líffræðilegt foreldri að ættleiða barnið til þess að öðlast sömu réttarstöðu og hitt foreldrið. Þótt þannig sé um að ræða stjúpættleiðingu í lagalegum skilningi er oft um að ræða barn sem fæðist eftir að samvist foreldra hefur verið staðfest. Í reynd eru þau langflestir einstaklingar sem ættleiddir hafa verið af stjúpforeldri í staðfestri samvist á fyrsta og öðru ári (16 af 19). Í einungis einu tilviki var hinn ættleiddi yfir lögaldri.

*Fleiri konur en karlar
stjúpættleiddar*


Ef litið er til annarra stjúpættleiðinga er aftur á móti fremur sjaldgæft að stjúpforeldrar ættleiði ung börn. Ekkert þeirra 356 barna sem stjúpættleitt var á árabílinu 1990–2007 var yngra en tveggja ára. Flestar stjúpættleiðingar ná raunar til fullorðins fólks (62% stjúpættleiddra voru 18 ára eða eldri). Meðalaldur ættleiddra stjúp barna var 20,3 ár. Þá er vert að geta þess að mun fleiri konur eru í hópi stjúpættleiddra en karlar. Ef frá eru taldar stjúpættleiðingar samkynhneigðra voru konur í hópi stjúpættleiddra á árabílinu 1990–2007 226 talsins en karlar 130.

Myndir 4–6 sýna að nokkur breyting hefur orðið á aldurssamsetningu og kynja-dreifingu meðal stjúpættleiddra frá árinu 1990. Á árabílinu 1990–1995 var þannig talsvert minni munur á fjölda karla og kvenna meðal stjúpættleiddra en síðar varð, þá voru 45% stjúpættleiddra karlar. Árin 1996–2001 voru einungis 26% stjúpættleiddra karlar og 37% árin 2002–2007.


Myndir 4–6 sýna að konur voru alla jafna eldri en karlar þegar ættleiðing fór fram. Þessi munur varð meira áberandi eftir því sem á leið. Fjölgun ættleiðinga eftir miðjan 10. áratuginn átti sér raunar öðru fremur stað meðal kvenna yfir 18 ára aldri. Samanburður við Danmörku sýnir að hér eru stúlkur hlutfallslega mun fleiri meðal stjúpættleiddra en þar. Frá árinu 1991 hefur hlutur karla af stjúpættleiddum verið á bilinu 42–47% í Danmörku (sjá mynd 7).¹

Mynd 6. Stjúpættleiðingar eftir kyni og aldri ættleiddra 2002–2007

Figure 6. Stepadoptions by sex and age 2002–2007



¹ Sjá árbækur dönsku hagstofunnar: *Statistisk årbog 1993*, bls. 71; *Statistisk årbog 1997*, bls. 71; *Statistisk årbog 2002*, bls. 75; *Statistisk årbog 2007*, bls. 57.

Mynd 7. Stjúpættleiðingar í Danmörku eftir kyni ættleiddra 1991–2006*Figure 7. Stepadoptions in Denmark by sex 1991–2006*

English summary

A total 808 adoptions were performed in Iceland during the period 1990–2007. Of those 375 were stepadoptions. Primary adoptions were 433, of which 309 were international. The highest number of internationally adopted children came from China (108) and India (129).

As a rule stepadoptions in Iceland are not performed in early childhood. More than 60% of stepadopted individuals were adults (older than 18 upon adoption). An interesting feature is revealed when analyzing stepadoptions by sex. In the group of adults, adopted women were three times more numerous than men (163 women compared with 57 men).

Icelandic law on registered partnership allows individuals in registered partnership to adopt the partner's child. Those stepadoptions differ from other stepadoptions in the way that in most cases the adopted individual is below the age of one year upon adoption. Generally the parents are already in registered partnership upon the child's day of birth. Adoption is thus a way for the non-biological parent to gain parental rights over the child.

Tafla 1. Ættleiðingar eftir tegund ættleiðingar og fæðingarlandi 1990–2007*Table 1. Adoption by type of adoption and place of birth 1990–2007*

	Alls	1990–1995	1996–2001	2002–2007
Ættleiðingar alls <i>Adoptions, total</i>	808	198	248	362
Stjúpættleiðingar alls <i>Stepadoptions, total</i>	375	109	98	168
Stjúpfeður <i>Stepfathers</i>	343	105	95	143
Stjúpmæður <i>Stepmothers</i>	13	4	1	8
Stjúpforeldrar í staðfestri samvist <i>Stepparents in registered partnership</i>	19	–	2	17
Innlendar frumættleiðingar <i>Primary adoptions in Iceland</i>	124	37	44	43
Frumættleiðingar frá útlöndum alls <i>International adoptions, total</i>	309	52	106	151
Kína <i>China</i>	108	–	–	108
Indland <i>India</i>	129	33	70	26
Rúmenía <i>Romania</i>	18	1	17	–
Kólumbía <i>Colombia</i>	14	6	3	5
Önnur lönd <i>Other countries</i>	40	12	16	12

Skýringar Notes: Tölur 2007 eru bráðabirgðatölur. 2007 preliminary data.

Tafla 2. Stjúpættleiðingar eftir kyni og aldri 1990–2007*Table 2. Stepadoptions by age and sex 1990–2007*

	Alls <i>Total</i>	Stjúpforeldri ættleiðir barn maka <i>Adopted by stepparent</i>		Stjúpforeldri í staðfestri samvist ættleiðir barn maka <i>Adopted by stepparent in registered partnership</i>	
		Stjúpfaðir <i>Stepfather</i>	Stjúpmóðir <i>Stepmother</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Karlar og konur alls					
<i>Males and females, total</i>	375	343	13	–	19
0–5 ára <i>years</i>	27	9	–	–	18
6–11 ára <i>years</i>	51	50	1	–	–
12–17 ára <i>years</i>	77	73	4	–	–
18–24 ára <i>years</i>	127	119	7	–	1
25 ára og eldri <i>and older</i>	93	92	1	–	–
Karlar alls <i>Males, total</i>	136	125	5	–	6
0–5 ára <i>years</i>	14	8	–	–	6
6–11 ára <i>years</i>	29	29	–	–	–
12–17 ára <i>years</i>	36	34	2	–	–
18–24 ára <i>years</i>	31	29	2	–	–
25 ára og eldri <i>and older</i>	26	25	1	–	–
Konur alls <i>Females, total</i>	239	218	8	–	13
0–5 ára <i>years</i>	13	1	–	–	12
6–11 ára <i>years</i>	22	21	1	–	–
12–17 ára <i>years</i>	41	39	2	–	–
18–24 ára <i>years</i>	96	90	5	–	1
25 ára og eldri <i>and older</i>	67	67	–	–	–

Skýringar Notes: Tölur 2007 eru bráðabirgðatölur. 2007 preliminary data.

Tafla 3. Stjúpættleiðingar eftir kyni og aldri 1990–2007*Table 3. Stepadoptions by age and sex 1990–2007*

	Alls <i>Total</i>	1990–1995	1996–2001	2002–2007
Karlar og konur alls				
<i>Males and females, total</i>	375	109	98	168
0–5 ára <i>years</i>	27	6	3	18
6–11 ára <i>years</i>	51	26	15	10
12–17 ára <i>years</i>	77	36	10	31
18–24 ára <i>years</i>	127	32	39	56
25 ára og eldri <i>and older</i>	93	9	31	53
Karlar alls <i>Males, total</i>	136	49	25	62
0–5 ára <i>years</i>	14	5	2	7
6–11 ára <i>years</i>	29	15	7	7
12–17 ára <i>years</i>	36	15	2	19
18–24 ára <i>years</i>	31	11	9	11
25 ára og eldri <i>and older</i>	26	3	5	18
Konur alls <i>Females, total</i>	239	60	73	106
0–5 ára <i>years</i>	13	1	1	11
6–11 ára <i>years</i>	22	11	8	3
12–17 ára <i>years</i>	41	21	8	12
18–24 ára <i>years</i>	96	21	30	45
25 ára og eldri <i>and older</i>	67	6	26	35

Skýringar *Notes:* Tölur 2007 eru bráðabirgðatölur. 2007 *preliminary data.*

Tafla 4. Frumættleiðingar eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1990–2007*Table 4. Primary adoptions by place of birth, age and sex 1990–2007*

	Alls <i>Total</i>	Ísland ¹ <i>Iceland¹</i>	Indland <i>India</i>	Kólumbía <i>Colombia</i>	Kína <i>China</i>	Rúmenía <i>Romania</i>	Önnur lönd ¹ <i>Other countries¹</i>
Karlar og konur alls <i>Males and females, total</i>	433	118	129	14	108	18	46
Innan 1 árs <i>In 1st year</i>	101	15	66	4	11	–	5
1 árs <i>year</i>	179	6	59	5	95	5	9
2 ára <i>years</i>	18	2	2	1	2	8	3
3 ára <i>years</i>	15	4	2	2	–	4	3
4 ára <i>years</i>	7	1	–	1	–	–	5
5–9 ára <i>years</i>	15	5	–	1	–	1	8
10–14 ára <i>years</i>	25	15	–	–	–	–	10
15–17 ára <i>years</i>	1	1	–	–	–	–	–
18 ára og eldri <i>and older</i>	72	69	–	–	–	–	3
Karlar alls <i>Males, total</i>	139	44	48	8	3	12	24
Innan 1 árs <i>In 1st year</i>	35	7	25	2	–	–	1
1 árs <i>year</i>	34	–	21	3	3	2	5
2 ára <i>years</i>	9	–	1	–	–	6	2
3 ára <i>years</i>	10	2	1	2	–	3	2
4 ára <i>years</i>	5	1	–	–	–	–	4
5–9 ára <i>years</i>	13	5	–	1	–	1	6
10–14 ára <i>years</i>	11	7	–	–	–	–	4
15–17 ára <i>years</i>	–	–	–	–	–	–	–
18 ára og eldri <i>and older</i>	22	22	–	–	–	–	–
Konur alls <i>Females, total</i>	294	74	81	6	105	6	22
Innan 1 árs <i>In 1st year</i>	66	8	41	2	11	–	4
1 árs <i>year</i>	145	6	38	2	92	3	4
2 ára <i>years</i>	9	2	1	1	2	2	1
3 ára <i>years</i>	5	2	1	–	–	1	1
4 ára <i>years</i>	2	–	–	1	–	–	1
5–9 ára <i>years</i>	2	–	–	–	–	–	2
10–14 ára <i>years</i>	14	8	–	–	–	–	6
15–17 ára <i>years</i>	1	1	–	–	–	–	–
18 ára og eldri <i>and older</i>	50	47	–	–	–	–	3

¹ Sex einstaklingar sem fæddir eru erlendis töldust ættleiddir innanlands. *Six individuals living in Iceland upon adoption were born abroad.***Skýringar** Notes: Tölur 2007 eru bráðabirgðatölur. *2007 preliminary data.*

Hagtiðindi Mannfjöldi
Statistical Series Population

93. árgangur nr. 60

ISSN 0019-1078

2008:2

ISSN 1670-4479 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4487 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Ólöf Garðarsdóttir • olof.gardarsdottir@hagstofa.is

Guðjón Hauksson • gudjon.hauksson@hagstofa.is

Helga Katrín Tryggvadóttir • helga.tryggvadottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*